

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, Ísafirði, og Björgunarsveitin Sæbjörg, kt. 470290-2509, Eyrarodda, Flateyri, gera með sér svohljóðandi

viðauka við þjónustusamning

sem gerður var á milli ofangreindra aðila, um verkefni er Björgunarsveitin Sæbjörg tekur að sér fyrir sveitarfélagið og íbúa þess, svo sem björgunaraðgerðir, fyrirbyggjandi aðgerðir, viðbragðsvaktir o.fl., dags. 30. ágúst 2010, sbr. og viðauka dags. 15. júní 2015 (hér eftir nefndur „þjónustusamningurinn“).

Viðaukinn er gerður í kjölfar þess að Björgunarsveitin Sæbjörg seldi húsnæði sitt að Túngötu 7, fnr. 235-1573, á Flateyri.

Hér með fallast samningsaðilar á að 2. gr. kaflans „Önnur þjónusta“ í þjónustusamningnum verði breytt og verði svohljóðandi:

„Til að koma til móts við Björgunarsveitina Sæbjörgu vegna þeirrar þjónustu er að ofan greinir mun Ísafjarðarbær veita sveitinni árlegan styrk samsvarandi álgðum fasteignagjöldum hvers árs af húsnæði félagsins að Oddavegi 3, fnr. 212-6395, á Flateyri. Styrkveiting vegna gjaldanna skal fara fram við lok hvers fjárhagsárs, en verði breyting á eignarhaldi fasteignar Björgunarsveitarinnar skal Ísafjarðarbæ tilkynnt um það við undirritun kaupsamnings/afsals. Styrkveiting hvers árs tekur aðeins til þess tíma er ofangreind eign er í eigu Björgunarsveitarinnar.“

Gildistími samnings þessa breytist jafnframt, og í stað þess að vera ótímabundinn gildir hann nú í fimm ár, eða frá **1. janúar 2021 til 31. desember 2025**. Stefnt er að áframhaldandi samstarfi að samningstíma loknum.


Samningur þessi er uppsegjanlegur af beggja hálfu með a.m.k. sex mánaða fyrirvara og skal uppsögn vera skrifleg.

Viðauki þessi er undirritaður í tveimur samhljóða eintökum, sitt handa hvorum aðila.

Viðaukinn er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarráðs.

Ísafirði, 20. janúar 2020


Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri

F.h. Björgunarsveitarinnar Sæbjargar

Magnús Einar Magnússon, stjórnarformaður